

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Laust starf
- Kvenfélagið

Næsti Pési kemur út 13 des 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

9.des

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Hjónaball	4
Kirkjustarfið	12
Grænna land	14
Sauðfjárræktin	18

Nóv 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 265. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opið:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið. Inná www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ er hægt að sjá skiladag, framlengja lánnum og fleira.

Og nú er alltaf hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Sveitarstjórapistill

Með nóvember fylgir því að veturinn getur farið að minna á sig og hefur sú orðið raunin víða. Reyndar erum við svo lukkuleg og hafa sloppið vel frá veðurbrasinu og við erum í öfundsverði aðstöðu miðað við mörg samfélög sem hafa „tjónast“ verulega síðustu vikurnar. Búum trúlega bara á svona góðu svæði eða hvað.

Það er alltaf mjög gaman að taka þátt í verkefnum þar sem samfélagið stendur á bak við sveitarfélagið í sinni vinnu. Má þar nefna stuðning félags eldri Hrunamanna og Kvenfélags Hrunamanna við að koma upp stigalyftu í Heimalandi. Verkefnið kostaði hálf milljón en eldri Hrunamenn lögðu til kr. 100.000 og Kvenfélagið kr. 150.000. Kærar þakkir fyrir stuðninginn en þessi góði hugur verður til þess að við komum svo miklu meira í framkvæmd. Annað dæmi má nefna, stuðning Skógræktarfélags Hrunamanna við uppbyggingu í Ungmennafélagsgarðinum eða á maður ekki að fara að kalla allt svæðið „Skrúðgarðinn á Flúðum“. Í sumar er búið að framkæma fyrir tæpar 3 milljónir og þar af hefur Skógræktarfélagið lagt til um 2/3 af fjármagninu. Að auki unnu þau Halldór á Efra-Seli og Sigríður á Fossi gott og óeigingjarnt starf við að laga garðhleðsluna. Við vonum að hún Laufey heitin í Ásatúni geti verið verið stolt yfir því hvernig til hefur tekist að vinna úr veglegri gjöf hennar sem átti að renna í þetta verkefni. Síðan er búið að leggja drög að áframhaldandi vinnu við garðinn næsta sumar og mun sveitarfélagið og Skógræktarfélagið halda þessu frábæra samstarfi áfram. En það eru fleiri aðilar sem hugsa vel til sveitarfélagsins. Arion-banki gaf sveitarfélaginu 10 notaðar tölvur og skjái sem koma sér vel. Þá gaf Guðríður Gísladóttir Bókasafni Hrunamanna listaverk eftir Hauk Einarsson frá Reykjadal sem heitir „Hvöld á flóttu til fjalla“ en fyrirmyndin er Fjalla-Eyvindur og Halla. Kunnum við þessum aðilum okkar bestu þakkir fyrir góðan hug.

Nú hefur fjárhagsáætlun fyrir árin 2013-2016 verið lögð fram á hreppsnefndarfundi til fyrstu umræðu. Það er alltaf dálítið spennandi að vinna að fjárhagsáætluninni með starfsmönnum hreppsins til að sjá hvort allt gangi upp sem við leggjum upp með. Við viljum byggja á þeirri hugsun að sveitarfélagið sé sjálfbært í rekstri þannig að við getum verið með eðlilegan rekstur á stofnunum sveitarfélagsins og staðið í minniháttar framkvæmdum án þess að sveitarfélagið sé að taka lán. Þetta þýðir þó að það þarf að hækka gjaldskrár til að halda í við verðlagsþróun og halda gjöldum á svipuðum slóðum og verið hefur. Eflaust þykir mörgum alveg nóg um það sem þeir eru að borga til samfélagsins en það er þó þannig að við getum ekki rekið þokkalega krafmikið samfélag nema hafa til þess burði. Síðan er það stóra spurningin hvernig fer með erlend lán sveitarfélagsins. Við viljum meina að „Borgarbyggðardómur hæstaréttar“ eigi við okkar lán og höfum krafist endurútreiknings frá Arion-banka. Ef málið gengur eftir eins og við viljum þá mun skuldastaða sveitarfélagsins batna verulega og geta til fjárfestingar aukast til muna. Reyndar höldum við sjó hvernig sem þetta mál fer enda hreppurinn ávallt staðið í skilum og greitt samviskusamlega af þessum lánum sem og öðrum.

Við eigum líka fleiri ása upp í erminni því rekstur Hitaveitu Flúða gengur vel og hefur hún burði til að geta staðið í töluverðum fjárfestingum ef með þarf. Við þurfum nefnilega að vera tilbúin til að geta gripið rösklega inn í þegar áhugaverð verkefni koma til framkæmdar því að það er ekki spurning hvort heldur hvenær það gerist. Þess frekar er þessi rekstur Hitaveitunnar eftirtektarverður að gjaldskrá fyrir sölu á heitu vatni er með því lægsta sem fyrirfinnst á þessu landi, sem eru mikil gæði fyrir okkar íbúa og aðra notendur veitunnar. Við eigum því að vera afar stolt yfir þessu fyrirtæki okkar. Vonandi munu verk hennar halda áfram að sjást á næsta ári en við viljum halda áfram með það verkefni að laga og bæta mannvirki veitunnar og gera sögu hennar góð skil með áberandi hætti niður við dæluhúsið á Flúðum.

Í sambandi við fjárhagsáætlun 2013 er alltaf mest spennandi að sjá hvort við getum ekki sett upp spennandi framkvæmdaáætlun. Það eru ýmis verkefni sem við sjáum okkur fært að fara út í t.d. halda áfram viðgerðum á Flúðaskóla, fara í þakframkvæmdir á Félagsheimilinu, halda áfram að klæða og bæta íbúðir á Vesturbrún 2-8, vinna að viðgerðum við íþróttahús og sundlaug, halda áfram með skruðgarðinn á Flúðum og réttirnar, og síðast en ekki síst gatnagerðarframkvæmdir á Flúðum. Við þurfum í raun að setja upp 3.-4. ára plan að klára varanlega gatnagerð á Flúðum. Taka þarf Ásastíg, Hofin þrjú, Högnastíg og klára Vesturbrún. Að auki eru eldri götur komnar á mikið viðhaldsstig og þyrfti að bregðast við líka, auk þess í fyllingu tímans að klára Garðastíginn. Þetta kostar bæði eigendur fasteigna við viðkomandi götur og sveitarfélagið nokkuð fé þannig að gott er að sem flestir geti skipulagt sig í samræmi við þetta. Við sjáum öll hvaða bragur verður þegar götur eins og Sneiðin og Smiðjustígur eru komin í það horf sem nú liggur fyrir. Síðan sjáum við til hvað gerist á milli umræðna um fjárhagsáætlun en eftir seinni umræðu nú í byrjun desember ætti að liggja fyrir hvort við getum eitthvað bætt meira í púkkið.

Hluti af starfsfólki sveitarinnar fór í skoðunarferð til Vestmannaeyja um daginn til að kynna sér hvað nágrannarnir í suðrinu væru að sýsla. Það er mjög gaman að hitta kollega og bera saman bækur sínar og fá góðar hugmyndir. Þeir hafa verið að byggja upp margt mjög myndarlega og er íþróttaaðstaðan þar sérstaklega til fyrirmyndar. Landeyjarhöfn er bylting fyrir þá því allar góðar samgöngubætur styrkja samfélögin eins og við höfum sjálf reynt með nýrri Hvitárbrú.

Að lokum vil ég óska þeim þremur nemendum Flúðaskóla sem tóku þátt í úrslitum í Nýsköpunarkeppni Grunnskólanna til hamingju með að vera valinn úr fjölda umsækjenda í þann hóp og góðan árangur. Það skiptir nefnilega miklu máli að það sé til vettvangur fyrir börn að þróa sínar hugmyndir, hvetja til nýsköpunar og er því þessi keppni til fyrirmyndar.

Með von um góðan vetur fyrir okkur öll.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju Starfsfólk Flúðaleiðar

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



**HJÓNABALL, 2.MARS 2013
TAKIÐ DAGINN FRÁ!!**



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



Húsmíðar

Innréttingar

Vélaleiga

Gröfur o.fl.



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 10:00-18:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga 11:00-17:00

Minnum á viku tilboðin.

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

á Flúðum.

Saltsteinar - steinefna- og vítamínblökkir - steinefnafötur



Saltsteinn Natur

Saltsteinn 10 kg.
kr. 1.128



Saltsteinn Plus 10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesium, seleni og jöði
kr. 1.430



Steinefnablokk Uniblokk 10 kg.

Steikiblokk með kalsíum, magnesium, jöði, seleni og vítamínunum
kr. 2.365



Vítamínblökk

Steikiblokk með hátt hlutfall vítamína og snæfilefna ásamt seleni. Bragðgott og veðurþolið.

kr. 2.850 10 kg.



Steinefnafata Universalschale

Ahliða steinefnafata fyrir sauðfé. 15 kg.
kr. 3.730



Steinefnafata Phosphoreimer

Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi. Fyrir nautgripi, sérstaklega fyrir geldkjör. Ekki fyrir sauðfé
kr. 6.180 20 kg.



Steinefnafata Mineraleimer

Ahliða steinefnafata fyrir kýr og hross. Ekki fyrir sauðfé
kr. 6.050 25 kg.

Í fyrahaust gerðum við könnun á steinefnabörf sauðfjár sem kom af fjalli um miðjan september. Settar voru fjórar tegundir af steinefna- og saltsteinum í beitarhöf og var það haft þar í fjóra daga.

Niðurstaðan var á þessa leið:

Af Uniblokk átu þær 5.750 gr.

Af hreinum saltstein 3.520 gr

Af Leckstein Plus 1.920 gr

Af Universalschale 3.742 gr (sem er steinefnafata fyrir sauðfé)

Þarna velja þær frekar þau steinefni sem innihalda fjölbreytt úrval af vítamínunum.

Það er því ljóst að það er gríðarleg vöntun á vítamínunum og bætlefnum í sauðfé.

Hágæða gæludýrafóður frá Josera



Gunnbjarnarhölti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

ÁSÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG
OG ALLT ÞAR Á MILLI.
ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.
OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-16 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímamantanir í Síma 856-1599

Fótaaðgerð. Ágætu Hreppmenn

Þann 23.nóvember og 7.desember mun ég vera með fótaaðgerð í
Heimalandi, hægt að panta tíma í síma 863-0433.

Er oft á staðnum aðra daga en auglýsta, ykkur er velkomið að hringja og
athuga með tíma.

Hef til sölu gjafakort fyrir fótaaðgerð.



Bestu kveðjur
Sólveig Jóhannsdóttir
Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Tækjasalur í íþróttahúsi.

Opnunartími:

Mánudaga – fimmtudaga frá 15.30 – 21.30.

Föstudaga frá 13.00 – 18.00.

Ef mót eru í gangi, þá er opið á laugardögum frá 11.00 – 15.00.

Nánar auglýst á heimasíðu hreppsins.

Sauðakofinn Fossnesi

Verðum með slatta af sauðahangikjöti í haust. Kaldreykt og tvíreykt, við tað og birki.

Vinsamlegast pantið sem fyrst í sínum:

486-6079 -895-8079 og 894-1106

Netfang fossnes@uppsveitir.is

Bestu kveðjur Sigrún og Diddi



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími hreppsskrifstofu.

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00



Hrunamannahreppur

Viðburðir og annað á vegum Kvenfélags Hrunamannahrepps – allir lesi ☺

Um leið og við þökkum ferðafélögum fyrir góða skemmtun og samveru á „óvissuferðahaustfundinum“ okkar, þykir okkur rétt að minna á dagskrá okkar og viðburði sem framundan eru nú í lok þessa árs og byrjun þess næsta.

Auka-haustfundur

Við ætlum að halda stuttan auka - haustfund þriðjudaginn 20. nóvember. Okkur langar að ræða nánar nokkur mikilvæg málefni við hina almennu félagskonu. Fundurinn hefst kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Nýir félagar velkomnir eins og alltaf!

Jólamarkaður Kvenfélags Hrunamannahrepps – ásamt fleirum

Kvenfélagið mun taka þátt í sameiginlegum degi Björgunarfélagsins Eyvindar og nokkurra fleiri aðila í Sneiðinni laugardaginn 15. des. Þar ætlum við að vera með kökubasar, selja heitt kakó og jólasmákökur, jólakort, Hrunarétti og ýmislegt sem hentar í jólapakkann handa smáum sem stórum. Nánar auglýst með dreifibréfi.

Freyjusjóður – umsóknir

Auglýst er eftir umsóknum í **Freyjusjóð frá 15. nóvember til 15. desember**. Sjá nánar um lög Freyjusjóðs á www.fludir.is undir tengli *menningar og mannlífs*. Þar eru upplýsingar um sjóðinn og umsóknareyðublöð. Jafnframt er hægt að leita upplýsinga hjá formanni félagsins á netfanginu anna@fludaskoli.is. Stjórn sjóðsins skipa Anna Ásmundsdóttir, Helena Eiríksdóttir og Sigrún Einarsdóttir.

Jólafundur

Jólafundurinn verður haldinn í desember. Ýmislegt til gamans gert í anda jólanna. Fundurinn verður nánar auglýstur með dreifibréfi.

Barnaskemmtun

Barnaskemmtunin verður haldin milli jóla og nýárs. Nánar auglýst síðar í Þésa í desember. Fylgist með og látið ekki þessa árlegu skemmtun framhjá ykkur fara.

Þorablót 2013

Þorablótið verður haldið **26. janúar 2013**. Blótið verður með svipuðu sniði og undanfarin ár þar sem gestir taka með sér trog full matar. Takið daginn frá! Nánar auglýst með dreifibréfi í janúar.

Kæru Hrunamenn.

*Út er kominn nýr diskur:
SÖNGKONUR STRÍÐSÁRANNA
með tónlistinni af
samnefndum tónleikum.*

*Hægt er að panta diskinn á
ks@sogustund.is eða í síma
6639977. Verð 2500 kr,
heimsending innifalin.*



*Munið einnig hina stórskemmtilegu ævintýradiska frá Sögustund.is.
Lesari er Kristjana Skúladóttir. Diskarnir fást í versluninni Strax á
Flúðum en einnig er hægt að panta þá á ks@sogustund.is
Nánari upplýsingar og hljóðdæmi á www.sogustund.is*



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

**HJÓNABALL, 2.MARS 2013
TAKIÐ DAGINN FRÁ!!**

LAUGARVATN fontana

Heilsulind frá landnámi

Laugarvatn Fontana býður ykkur að njóta gufunnar í vetur á sérstökum kjörum. Í desember eru til sölu einstaklingskort á 9.000 krónur og fjölskyldukort á 20.000 krónur sem gilda út júní 2013. Sunnudaga á aðventunni bjóðum við ykkur sérstaklega velcomin með heitu kakó og smákökum.

Fjölmennum á árlega kertafleytingu á Laugarvatni þann 1. desember og eigum notalega stund saman.

Síminn okkar er sem áður 486 1400. Opið virka daga í vetur frá 13:00 til 21:00 en um helgar 11:00 til 21:00.

Uppskemmtun

Föstudaginn 30. nóvember heldur kvennakórinn Uppsveitasystur sína árlegu Uppskemmtun. Skemmtunin fer fram í Árnesi og hefst kl. 20:30.

Í hléi verða óvænt atriði og m.a. ætlar Þóra Gylfadóttir söngkona að leggja okkur lið. Tombólan verður á sínum stað - engin núll, sem og okkar fræga tertuhlaðborð. Aðgangseyrir kr. 2500, frítt fyrir 12 ára og yngri (posi á staðnum).

Hlökkum til að sjá ykkur og eiga saman notalega kvöldstund



Rúm til sölu.

Til sölu er Rúmfatalagersrúm 90 x 200 cm. Ódýrt.

Uppl. í síma 8931235 Siggi

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Kirkjustarfið í Hrunaprestakalli

Nú fer að styttest í aðventuna með samkomum og tónleikahaldi. Og eldri borgarar eru farnir að fönðra jólastkrautið í ár. Vonandi verður aðventan og jólin okkur til uppbyggingar enda þótt þessi tími sé þeim ávalt erfiður sem hafa gengið í gengum sorg og missi á árinu..

Fram undan...

Sunnudaginn 18. nóvember er messa í Hrepphólum kl. 11

Aðventuhátíð

Að þessu sinni verður aðventuhátíð í umsjá sóknarnefnda og kirkjukórs **laugardaginn 1. desember kl. 20:30 í Félagshemilinu á Flúðum**. Fjölbreytt tónlist margra kóra mun ein-kenna þessa hátíð við upphaf aðventu.

Kyrrðarstundir – kveikt á ljósum í kirkjugörðum

Kveikt verður á jólaljósum í **Hrepphólakirkjugarði laugardaginn 1. desember** og verður að því tilefni kyrrðarstund í Hrepphólakirkju **kl. 14:30**..

Þá verður kveikt á ljósum í **Hrunakirkjugarði sunnudaginn 2. desember**, 1. sunnudag í aðventu og verður kyrrðarstund í Hrunakirkju að því tilefni **kl. 15:00**.

Sími prestakallsins

Hrunaprestakall hefur símann 856-1572 en einnig er hægt að ná í mig í síma 856-1571 netfang halldor.reynisson@kirkjan.is

Með kærri kveðju,

Halldór Reynisson

Safnahelgin 2-4.nóv

Sultukeppnin sem fór fram á Safnahelginni 2-4 nóvember sl fór vel fram. Dómarar voru Hallgrímur Magnússon læknir, Ragnhildur Þórarinsdóttir Garðyrkjumeistari á Flúðum og Sölvi Hilmarsson matreiðslumeistari á Sólheimum.

Verðlaun fyrir bestu sultuna fékk Sigurlaug Jónsdóttir. Fyrir hollustu sultuna, Sigurjón Sæland og fyrir nýstárlegustu sultuna Bergþór G Úlfarsson. Sigurlaugar sulta var úr berjum úr garðinum sólber, hindber, jarðaber og rifsber. Sigurjóns var úr aðalbláberjum og Bergþórs var úr Stikkilsberjum og rósánypum úr garðinum.

Sultukeppnin er árlegur viðburður og hefur fest sig í sessi á safnahelgi sl 3 ár. Einnig voru veitt verðlaun fyrir þátttöku í þrjónagraff verkefninu sem byrjaði í mars sl þegar þrjónað var utan um ljósastaurana í Reykholti.

Verðlaun fyrir frumlegasta graffið fékk Sigurlaug Jónsdóttir en hún þrjónaði utan um ljósastaurana sitt hvoru megin við húsið þeirra Hallgríms á Bjarkarbraut karl og konu sem,tákna þau hjónin, hann með hlustunarpípuna, hún með þrjónana.

Sú langafkastamesta var svo hún Inga Ósk Jóhannsdóttir í Kistuholti en hún þrjónaði og heklaði utan um hvorki meira né minna 72 staura.

Bókamarkaður.

Bjarni Harðarson bóksali á Selfossi verður með allar nýjustu jólabækurnar laugardaginn 8. desember kl 13-18 í Bjarkarhóli.
Verslum í heimabyggð.

Jólaopnun

Bragginn leirvinnustofa heldur fyrstu jólin sín að sjálfsögðu hátíðleg með stórskemmtilegri jólaopnun sem verður helgina 15.-16. des, opið 13-18. Kanelilmur verður í lofti, mandarínulmur, exótísk dýr og almenn gleði. Allir hjartanlega velkomnir.

Einnig verður opið vikuna fyrir jól, 17.-22. des frá 13-18.

Nánari upplýsingar verður að finna á facebook síðunni okkar: [facebook.com/bragginn](https://www.facebook.com/bragginn)

Sjáumst hress,- Erna

Grænna land ehf.

Grenivafningar.

Námskeiðið fer fram á Sneiðinni 5 og tekur um 2 klst. Hefst kl 20:00 þann 21.Nóvember

Farið er yfir sögu og hefðir í gerð grenivafninga.

Verð 4000 kr innifalið er kaðall og greni fyrir 1 m ásamt vír.

Ýmislegt skraut fæst á staðnum.

Tilvalið fyrir hópa, kvenfélög, karlakóra saumaklúbba, sumarhúsaeigendur. Hægt er að semja um sér tíma fyrir stærri hópa 7 eða fleiri.



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Grænna land ehf.

Hurðakransar

Námskeiðið fer fram á Sneiðinni 5 og tekur um

2,5 klst. Hefst kl 20:00 22 og 23.
Nóvember

Farið er yfir efni í krönsum og hvað hentar hverju sinni.

Verð 4000 kr innifalið er krans, vír kransplast þar sem við á og greni

Tilvalið fyrir hópa, kvenfélög, saumaklúbba, sumarhúsaeigendur. Hægt er að semja um sér tíma fyrir stærri hópa.



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Staða leikskólastjóra í Undralandi á Flúðum

Í Hrunamannahreppi er laus staða leiksskólastjóra
leikskólans Undralands.

Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.

Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Fagleg forysta og forysta í samstarfi milli starfsmanna og foreldra.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.

Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun ásamt framhaldsmenntun á sviði stjórnunar.
 - Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
 - Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 35-40 nemendur í þremur deildum.

Sjá nánar á <http://www.undraland.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 780 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfssemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf.

Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum.

Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 23. nóvember n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf um áramótin 2012/2013. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.



Upplit
Menningar- og uppsveita Arnessýslu

Uppsveitastjórnin

Hæfileikakeppni Upplits

Nú er lomið að því Hæfileikakeppnin í uppsveitum Árnessýslu er að hefjast og ekki eftir neimu að biðja með að æfa atriði og slá í geng. Óþið fyrir skráningar.

Hvernig geta tekið þátt?

Allir í uppsveitunum geta tekið þátt – og hvetur Upplit unga jafnt sem aldna, einstaklinga og hóp, t.d. vinnufélaga, skóla, vinnahópa og fjölskyldur, til að taka þátt og keppa um hinn eftirsóttu titil Uppsveitastjórna!

Hvernig er fyrirkomulagið?

Fyrirhugaðar eru tverrkeppnir. Fyrri forkeppnin verður á Borg í Grimsnesi, laugardaginn 24. nóvember kl. 15-17. Seinni forkeppnin verður á Flúðum 19. janúar kl. 15-17. Úrslitakeppnin fer fram í Aratungu í mars. Fylgstu með á www.upplit.is og á Facebook!

Hvernig er dæmt?

Dómnefnd skipuð valinkunnum einstaklingum velur þrjú bestu atriðin í hverri forkeppni, sem síðan keppa til úrslita. **Frumleiki, skemmtun og sköpunargleði** vege þungt þegar atriði eru valin í úrslit.

Hvaða rammar eru settir fyrir atriðin?

Hámarks lengd atriða er fimm mínútur – en þau mega líka gjarnan vera styttri. Annars fá keppendur frjálshar hendur og um að gera að láta hugmyndalugið ráða för.

Eru veitt verðlaun?

Já! Og allir þátttakendur fá auk þess viðurkenningu.

Hvar og hvenær á að skrá sig?

Skráning stendur yfir á upplit.is og í síma 898 1957 og hefur skráningarfræstur verið framlengdur til þriðjudagsins 23. október.

Hvað kostar inn?

EKKI nema 500 kr. fyrir eldri en 12 ára. En að sjálfsögu er ókeypis inn fyrir keppendur!

Viltu vita meira?

Fylgstu með á www.upplit.is og á Facebook-síðu Upplits.

Eftirtaldir styðja Uppsveitastjórna



Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hélt lambhrútasýningu í Reiðhöllinni á Flúðum þann 4. nóvember síðastliðinn. Sýningin var haldin í tilefni 65 ára afmælis félagsins en það eru 20 ár síðan síðast var haldin sameiginleg sýning. Um 32 lambhrútar voru skráðir til leiks og 7 forystusauðir fengu að fljóta með til



gamans. Vegleg verðlaun voru í boði fyrir fyrstu 5 hrútana í flokki hvítra hyrndra og mislitra. Verðlaunin gáfu Landstólpi, Sláturfélag Suðurlands, Kemi og Jötunvélar.

Færir stjórn félagsins þeim bestu þakkir. Farandverðlaunin voru tálgaðir hrútar en það var listakonan Helga Magnúsdóttir í Bryðjuholti sem bjó þá til. Mikil spennan var í fólki þegar verið var að velja fimm bestu



hrútana úr 10 hrúta hóp og mátti heyra

saumnál falla þegar úrslitin lágu fyrir. Það var Ágúst Ketilsson frá Brúnastöðum sem var dómari. Fyrstu og önnur verðlaun í flokki hvítra hyrndra fengu hrútar frá Steinari og Írisi í Auðsholti, þriðju verðlaun fóru til Bjarna Vals og Gyðu í Skipholti, fjórðu verðlaun fóru í Miðfell til Þorvalds Loga og



fimmtu verðlaun til bræðranna Þorsteins og Magnúsar í Haukholtum. Einungis þrjár hrútar voru skráðir í flokki mislitra og röðuðust þeir upp þannig að fyrstu verðlaun fékk hrútur frá Haukholtum, önnur verðlaun fóru í Hrepphóla og þriðju verðlaun að Sólheimum. Almenn ánægja var með sýninguna og nokkuð ljóst að önnur sýning verður haldin að ári. Í stjórn Sauðfjárræktarfélagsins eru Magnús í Haukholtum formaður, Esther Sólheimum ritari og Benedikt í Auðsholti gjaldkeri.

Jólabasar 24. nóvember í Brautarholti á Skeiðum!

Árlegur jólabasar Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn í Brautarholti, laugardaginn 24. nóvember n.k. klukkan 14:00. Byrjum basarinn með söngatriðum úr sveitinni

Handverk, kökur og ýmislegt fleira verður til sölu ásamt veitingum og jólakortum frá SSK.

Og ekki gleymum við **tombólunni!**

Svo minnum við kvenfélagskonur á að koma með hluti daginn áður, verðum í Brautarholti milli 16:00-18:00 föstudaginn 23. nóvember. Einnig er hægt að koma hlutum til Jóhönnu á Hlemmiskeiði og Unnar Lísu í Vorsabæ

Athugið að ekki er tekið við greiðslukortum.

Boðið er upp á sölubása fyrir handverksfólk. Þeir sem hafa áhuga hafi samband

Við Sigríði Ósk í síma 8493828

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Grænna land ehf.

Aðventukransar

Námskeiðið fer fram á Sneiðinni 5 og tekur um 3 klst. Hefst kl 20:00. 19 og 20. Nóvember

Farið er yfir efni í krönsum og hvaða straumar eru í þeim efnum.

Verð 4000 kr innifalið er krans, vír kransaplast þar sem við á og greni.

Borðar og kertastólar fast á staðnum.

Tilvalið fyrir hópa, kvenfélög, saumaklúbba, sumarhúsaeigendur. Hægt er að semja um sér tíma fyrir stærri hópa.



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

grannaland@simnet.is

Nú þegar rökkrið fer að verða allsráðandi, er fátt betra en að kúra undir sæng eða teppi með góða bók. Þórarinn Eldjárn hefur ort ljóð um þessa nautn:

Gaman er að liggja og lesa,
langar nætur upp í bæli,
söguskruddur, skræður, pésa,
skýrslur, ljóð og eftirmæli.



Jólabækurnar.

Nú eru jólabækurnar byrjaðar að streyma á bókasafnið. Má þar meðal annars nefna *Reykjavíkurnætur* eftir Arnald Indriðason, *Kantata* eftir Kristínu Marju Baldursdóttir, *Húsið* eftir Stefán Mána, *Elly*: ævisaga Ellyjar Vilhjálms, *Makalaust líf* eftir Önnu Ingólfssdóttir og fleiri, *Skáld* eftir Einar Kárasón, *Boxarinn* eftir Úlfar Þormóðsson, *Ár kattarins* eftir Árna Þórarinsson, *Suðurglugginn* eftir Gyrði Elíasson, *Appelsínur frá Abkasíu* eftir Jón Ólafsson og margar fleiri nýjar og áhugaverðar bækur eftir bæði íslenska og erlenda höfundu.

Fyrir yngri lesendurna eru komnar bækurnar *Krakkinn sem hvarf* eftir Þorgrím Þráinsson, *Reisubók Ólafíu Arndísar* eftir Kristjönu Friðbjörnsdóttir, *Aukaspyrna á Akureyri* eftir Gunnar Helgason, *Steinskrípin: hryllingsævintýri* eftir Gunnar Theodór Eggertsson, *Ævintýri á Ljósanótt* eftir Elías Snæland Jónsson, *Ripley's ótrúlegt en satt!: stuðandi staðreyndir*, *Stóra Disney heimilisréttabókin*, *Heimur dýranna* og fleiri fræðandi og skemmtilegar bækur.

Nýju bækurnar eru á skammtímaláni, það er á **14 daga láni**. Lánstími nýju barna- og unglingabókanna er 4 vikur. Ekki er hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim að lestri loknum. **Það er því um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum ☺**

Bókasafnið fær listaverk að gjöf.

Nú á dögunum barst bókasafninu fallett listaverk að gjöf. Gefandi er Guðríður Gísladóttir, búsett í Kópavogi, en hún er ekkja Hauks Einarssonar frá Reykjadal í Hrunamannahreppi. Haukur fæddist 3. desember 1923. Hann var mikill hagleiksmaður og eftir hann liggur fjöldi listaverka, unnin í tré, stein, silfur, hvaltennur og horn. Haukur lést 3. ágúst 2007.

Listaverkið, sem ber nafnið „*Hvöld á flóttu til fjalla*“, er rauðleitur steinn sem listamaðurinn fékk að taka með leyfi landeiganda, úr landi Þverspyrnu. Í steininn hjó Haukur út Fjalla-Eyvind og Höllu. Það er því mjög skemmtilegt að efniviðurinn í verkið, listamaðurinn sjálfur og síðast en ekki síst Fjalla-Eyvindur, koma allir úr Hrunamannahreppi.

Bókasafnið vill koma á framfæri innilegu þakklæti til Guðríðar fyrir hennar hlýhug og vinsemd í garð bókasafnsins.

Íbúar Hrunamannahrepps sem og allir aðrir, eru hvattir til að leggja leið sína á bókasafnið til að skoða listaverkið „*Hvöld á flóttu til fjalla*“.

Leikskólaheimsóknir.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár, þá hafa leikskólabörn komið í heimsókn á bókasafnið. Tilgangur þessara heimsókna er fyrst og fremst sá að kynna börnunum töfraveröld bókmenntanna og jafnframt að þau þekki sitt heimabókasafn. Börn þurfa að læra að umgangast bækur og bera virðingu fyrir þeim. Þau læra hvernig bókum er flett og að hver bók á sinn stað í safninu.

Samverustundirnar hefjast á því, að börnin fá að velja sér bækur og svo skoðum við þær saman. Þau eru afar áhugasöm um bækurnar. Hafa sérstaklega gaman af dýrabókum og eru dugleg að búa til hljóðin sem dýrin segja. Mörg hver þekkja orðið bókstafina sína og eru með bæði liti og tölustafi á hreinu.

Síðan er komið að sögustund, þá eru lesnar 2.-3. sögur og svo er spjallað um bækurnar, sögupersónurnar og myndskreytingarnar í bókunum. Lestur er góð leið til að efla hlustun og einbeitingu barna, að kunna að hlusta er öllum mikilvægt. Börn komast fljótt að því að ef þau hlusta ekki og einbeita sér þegar lesið er fyrir þau þá njóta þau ekki lestrarins. Lestur fyrir börn eflir m.a. málþroska, eykur orðaforða, örvar ímyndunaraflið, eykur lestraráhuga, er fræðandi og þannig mætti lengi telja. Það mælir því allt með því að nota bókina í uppeldi með börnum, það skilar sér margfalt til baka. Foreldrar gegna lykilhlutverki að gera bækur áhugaverðar fyrir börnin og að sjá til þess að þau hafi góðan aðgang að bókum. Reglulegar heimsóknir á bókasafnið gæti verið liður í því. Þar má finna fjölbreytt efni fyrir börn, unglunga og fullorðna svo að ferð á bókasafnið gæti orðið hin besta skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Lestrarstund er gæðastund ☺



Inn á heimsíðu bókasafnsins má sjá myndir frá þessum ánægjulegu heimsóknum.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga	Kl. 20-21
Þriðjudaga	Kl. 16-18
Miðvikudaga	Kl. 16-18
Fimmtudaga	Kl. 16-18

Munið skilalúguna!

Alltaf hægt að skila bókum utan opnunartíma.

Verið hjartanlega velkomin ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Leikskólafréttir. Sælir sveitungar!

Af leikskólalífínu er allt gott að fréttu, börnin eru glöð og ánægð í öllu starfi. Starfsfólkið leggur sig fram um að gera leikskólann að góðu lærdómsumhverfi fyrir börnin. Haustið hefur verið ljúft og höfum við nýtt blíðuna í margskonar útiverkefni og rannsóknir. Það byrjuðu hjá okkur þrjú ný börn og hafa þau nú lært vel á leikskólalífíð og eru farin að kveðja foreldra sína sátt í upphafi dags. Við fengum einnig til okkar nýjan starfskraft sem er á Heiðarkoti það er hún Ragnheiður Kjartansdóttir og finnst okkur mjög skemmtilegt að hafa „tvær úr tungunum“ í vinnu hjá okkur. Leikskólanum var lokað einn eftirmiðdag í október svo að starfsfólk leikskólans gæti sótt málþing um innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár. Við skunduðum á Selfoss og var málþingið haldið í FSU. Þar komu kennarar frá leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum á suðurlandi og vorum við allar sem ein mjög ánægðar með málþingið og sérstaklega gaman að öll skólastigin hittust í rökræðum um skólastarf. Þetta málþing á eftir að nýtast okkur mjög vel í gerð nýrrar skólanámskrár fyrir Undraland. Við viljum þakka foreldrum og sveitastjórn fyrir jákvæðni og það að gera okkur kleift að sækja þetta þing.

Kveðja Starfsfólk leikskólans

Skógarkotsfréttir

Mikið var um að vera í september. Réttir stóðu þar helst upp úr og voru margar sögur sagðar af þeim viðburði ásamt verkefnavinnu og speguleringum. Emil átti líka afmæli í september og varð hvorki meira né minna en 5 ára. Hann fór svo í Noregsferð með foreldrum sínum og fengum við þetta líka forláta póstkort frá honum. Svo fórum við í Byggðasafnið í Gröf og skoðuðum okkur um þar. 1.bekkur kom líka með okkur. Það var mjög gaman að heyra sögurnar um gamla hluti og fá að kíkja inn í gamla Willysinn og sitja í honum var mjög skemmtilegt. Við völdum okkur líka stórt og fallett birkitré við flúðirnar í Litlu-Laxá. Við förum reglulega og kíkjum á það og fylgjumst með breytingunum og lærum af hverju trén breytast, tókum myndir og vinnum verkefni. Við tinum líka rusl í leiðinni í göngutúrum og þykir börnunum nú alveg nóg um stundum. Í september kvaddi hún Ásdís Rún okkur og fór í hinn leikskólann sinn. Það var svolítið skrítið að hún væri bara hætt hjá okkur en það var haldið forláta kveðjupartý og allir gáfu knús. Í september fórum við líka í 3. hópum á bókasafnið þar sem Áslaug las fyrir okkur sögur og sýndi okkur bókasafnið. Í október var mikið spád í litunum í náttúrunni okkar og unnin verkefni í kringum það. 1 bekkur kom í heimsókn og elstu börnin í leikskólanum fóru í heimsókn í Flúðaskóla.

Þá áttu líka Rebekka og Ingunn Lilja afmæli og báðar urðu 5 ára sama dag! Í október var líka sérstakur dýradagur og máttu börnin þá koma með gæludýrin sín í heimsókn í leikskólann í smá stund. Það var gaman að sjá hin og þessi dýr sem komu og fræðast svolítið um þau. Í nóvember átti svo hún Anastasia 5 ára afmæli.

Kveðja Erla, Elín og Ragna



Rebekka og Anastasia í göngutúr.



Vitringahópur í krefjandi göngutúr.



Þorsteinn Ingi að búa til Hrunaréttir.



Málað með vatnslitum úti í skógi.



Ragnheiður að passa litla hænuungann.



Heiðarkotsfréttir

Í október höfum við á Heiðarkoti verið að rannsaka haustið. Við erum búin að rannsaka hvað leynist undir laufinu einnig hvernig litirnir breytast, tala um farfuglana og gert falleg listaverk sem tengjast hausti. Krúsilíus er búinn að vera mjög vinsælt lag hér á Heiðarkoti í október, en það fjallar um kött sem er gulur, grænn og blár með köflóttan hatt og svo er margt annað sérstakt við þennan kött sem við höfum verið að spá í og ákváðum að búa hann Krúsilíus til. Og útkoman varð mjög skemmtileg. Við ætlum okkur að halda áfram með hann Krúsilíus og hver veit nema við endum verkefnið á því að bjóða til tónleika.

Kveðja Adda Sigga, Jónína og Ragnheiður

Móakotsfréttir

Á Móakoti er alltaf líf og fjör. Við erum mjög dugleg að fara út að leika okkur og skoða samfélagið sem við búum í. Við höfum heimsótt nokkrar garðyrkjustöðvar og alltaf er jafn vel tekið á móti okkur. Við förum líka reglulega og fylgjumst með trjánum sem hóparnir völdu að fylgjast með. Þau hafa tekið miklum breytingum síðan í ágúst og eru börnin alltaf jafn hissa þegar trén eru heimsótt. Í nóvember ætlum við að vinna með litina og formin og er vinnan með það komin á fullt. Rauði hópur fór t.d. niður að Litlu-Laxá og fann einn klaka sem var alveg eins og þríhyrningur og annan sem var nánast eins og ferhyrningur. Börnin fengu svo að mála með vatnslitum á klakana og sáu hvernig litirnir blönduðust. Gulí hópur er m.a. búinn að mála form í myndlistinni og svo erum við alltaf vakandi fyrir formum í náttúrunni þegar við förum í útikennsluna.

Kv. Freyja, Heiða og Móa.



Sauðfjárændur.

Ullargámur verður staðsettur við skemmuna hjá okkur að Smiðjustíg 10 á Flúðum frá 20.nóv til 20.des.

Ullarbalar eru til staðar á sama stað.

Nánari upplýsingar hjá Pálmari í síma: 892 2370



Sýnikennsla í Reiðhöllinni á Flúðum.

Hinn landsþekkti hestamaður, Ísleifur Jónasson mun halda sýnikennslu í Reiðhöllinni á Flúðum 22. nóvember. Ísleifur mun sýna hinum almenna hestamanni hvernig hægt er að nota Reiðhöllina við þjálfun hesta. Sýningin hefst kl 20: 30, aðgangur 1000 kr .

Hvetjum alla til að mæta og fylgjast með.

Stjórn Smára



Folaldasýning í Reiðhöllinni þann 3.nóv.sl.
Ljósni: SigSigm

Á uppskeruhátíð garðyrkjubænda sl. föstudag voru þeim Björgu og Kjartani í Hvammi I og Kristínu og Jóhannesi í Hvammi II, veitt heiðursverðlaun Félags garðyrkjubænda. Myndin er frá afhendingu heiðursverðlaunanna.



Ásgeir og Jón póstur kátir í
búðinni. Takið eftir flotta
armbandinu hans Jóns;)
Ljósm: SigSigm



Harpa og Bjarney í Auðsholti pakka gulrótum. Ljós: SigSigm



Unnur og Maggi á Kópvatni skoða Villing frá Grafarbakka á hrútasýningunni í Reiðhöllinni. Ljós: SigSigm